

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 og með vísun til 80. gr. umferðarlaga býður dómariinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann greiði kr. 18.000,00 í sekt til ríkissjóðs, kr. 2.480,00 í málskostnað og sæti jafnframt sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1. jan. 1988, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaðurinn greiðist fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin tekur nú þegar gildi og gildir til 2. maí 1988.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 167/1987. **Þrotabú Stálfélagsins hf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Gunnari Þór Þórhallssyni

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Frestdagur. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987. Hann krefst þess að dæmt verði að launakrafa sú er málið snýst um ásamt vöxtum, skuli teljast almenn krafa í þrotabú áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Það athugast að í málinu er deilt um röðun í skuldaröð á launa-kröfu, er féll á fyrir 23. nóvember 1984, en eigi á tímabilinu 23. nóvember 1984 til 14. júlí 1985 eins og segir í niðurlagi II. kafla hins áfrýjaða úrskurðar.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldnauts um þau eða, krefðist lánardrottinn skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Lög nr. 6/1978 leystu lög nr. 25/1929 af hólmi. Í 78. gr. þeirra laga segir að um skuldaröð við gjaldþrotaskipti gildi ákvæði 8. kapitula skiptalaga nr. 3/1878 sbr. lög nr. 32/1974, sbr. einnig nú l. nr. 23/1979.

Í máli þessu er um það deilt hvort fresti skv. 1. og 6. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 eins og þeim var breytt með lögum nr. 32/1974 sbr. lög nr. 23/1979 skuli reiknast frá úrskurðardegi um töku bús til gjaldþrotaskipta, sem hér var 23. maí 1986, eða svokölluðum frestdegi, sem aðilar eru sammála um að verið hafi 14. janúar 1986.

Í 1. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878 segir að frestir miðist við andlát. Óumdeilt er, að þetta var skýrt svo í gildistíð laga nr. 25/1929 með lögjöfnun, að frestir voru miðaðir við upphaf gjaldþrotaskipta.

Með hinum nýju gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var manni, sem átti í verulegum fjárhagsörðugleikum, heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hefur þegar gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfarið að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Greiðslustöðvun varnar því að kröfuhafi geti leitað fullnustu í eigum skuldara. Þá voru ýmsar réttarverkanir, sem áður tengdust upphafi gjaldþrotaskipta, látnar tengjast upphafi greiðslustöðvunar. Lögleitt var nýtt hugtak, frestdagur, sem skv. 1. tl. 1. gr. l. 6/1978 merkir daginn þegar skiptaráðandi fær ósk eða kröfu um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti. Þá getur hann merkt dánardægur skuldara og daginn sem skiptaráðandi kveður upp úrskurð um að hann skuli fara með skipti vegna félagsslita o. fl. Ef fleiri dagar en einn geta verið frestdagar skal hinn fyrsti þeirra vera það.

Frestdagur við gjaldþrotaskipti þau, sem um getur í málinu, var við upphaf greiðslustöðvunar. Telja verður að með nýju gjaldþrotalögunum hafi hugtakið upphaf skipta verið brotið upp og nýjar viðmiðanir að hluta til verið lögleiddar. Rétt þykir að skýra ákvæði

84. gr. laga nr. 3/1878 með tilliti til þessa og miða fresti 1. t.l. og 6. t.l. greinarinnar við frestdag 14. janúar 1986. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til um annað en málskostnað.

Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 80.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, þrotabú Stálfélagsins hf., greiði stefnda, Gunnari Þór Þórhallssyni, 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 28. ágúst 1987.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 19. mars sl., hefur Gunnar Þ. Þórhallsson, 3398-9903, Álfhólsvegi 20 a, Kópavogi, höfðað hinn 18. mars 1986 gegn þrotabú Stálfélagsins hf., 8328-8361.

Endanlegar dómröfur sóknaraðila eru þær að viðurkennd verði, auk þess sem þegar er viðurkennt, sem forgangskrafa skv. 84. gr. 1. nr. 3/1878 laun og annað endurgjald fyrir vinnu kr. 123.161,00 auk eftirgreindra ársvaxta: 19% af kr. 53.923,00 frá 1.5. 1984 til 1.6. sama ár, af kr. 90.733,00 frá þeim degi til 1.7. sama ár, af kr. 100.543,00 frá þeim degi til 1.8. sama ár, af kr. 129.853,00 frá þeim degi til 1.9. sama ár, af kr. 149.262,00 frá þeim degi til 1.10. sama ár, af kr. 121.687,00 frá þeim degi til 1.11. sama ár, og af kr. 120.061,00 frá þeim degi til 1. desember sama ár og af kr. 123.161,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, en 45% ársvöxtum af kr. 121.161,00 frá þeim degi til 1.3. sama ár, en 48% ársvöxtum af kr. 116.561,00 frá þeim degi til 1. júní sama ár, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1987, en 30% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Tekið er fram að hluti af höfuðstólskröfu kr. 24.823,00 sé orlofsfé 10,17% fyrir tímabilið frá og með apríl 1984 til og með nóvember sama ár, en eftirstöðvarnar sé hrein launakrafa.

Af hálfu varnaraðila er krafist sýknu af öllum kröfum sóknaraðila og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Ágreiningslaust er með aðilum að reiknist frestur skv. 1. og 3. tl. og eða 6. tl. 84. gr. 1. 3/1878 frá frestdegi 14. janúar 1986, njóti launa- og orlofskrafa sóknaraðila og vextir til úrskurðardags 23. maí 1986 forgangsréttar en falli utan forgangsréttar ef umræddur frestur reiknast frá úrskurðardegi.

II.

Sóknaraðili, Gunnar Þ. Þórhallsson, starfaði hjá Stálfélaginu hf. frá apríl 1984 til maíloka 1985.

Stálfélagið hf. beiddist greiðslustöðvunar hinn 14. janúar 1986 og var veitt hún með úrskurði uppkveðnum 15. sama mánaðar.

Bú Stálfélagsins hf. var síðan tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 23. maí 1985. Samkvæmt 78. gr. gjaldþrotalaga 6/1978 gilda um gjaldþrotaskipti ákvæði 8. kapitula (þ.e. 82.-87. gr.) skiptalaga nr. 3/1878 sbr. lög nr. 32/1974 og l. nr. 23/1979, en samkvæmt 1. tölulið 84. gr. skiptalaga njóta forgangsréttar „kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu hins látna sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir andlátið“.

Mál það sem hér er til urlausnar snýst um það eitt hvort hér skuli reikna 18 mánaða frestinn aftur frá óumdeildum frestdegi 14. janúar 1986 eða frá úrskurðardegi 23. maí sama ár.

Kröfufjárhæðinni var veitt dóm sviðurkenning með dómi á bæjarþingi Hafnarfjarðar hinn 15. október 1985 og óumdeilt er að hún sé að öllu leyti af þeirri tegund krafna sem lýst er í 1. tölulið 84. gr. skiptalaga. Það er þannig um ágreining um forgangsrétt launa sóknaraðila er féllu í gjalddaga á tímabilinu frá 23. nóvember 1984 til 14. júlí 1985 sem mál þetta snýst.

III.

Í greinargerð sóknaraðila segir m.a.:

„Þegar skiptaráðandi ákveður að skera í sundur launakröfu umbj. míns í þrotabú máls þessa í annars vegar forgangskröfu í búið og hins vegar almenna kröfu, sjá rskj. nr. 8, kröfulýsingaskrá, dags. 22. september 1986, byggir hann þá skoðun sína og aðgerð á skiptalögum nr. 3/1878, 84. gr. 1. tl. sbr. 6. tl., eins og þeirri grein var breytt með lögum nr. 23 frá 1979.

Í töluliðnum er veittur forgangur í bú fyrir launum sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðina fyrir „andlátið“, en í 6. töluliðnum er þetta tímabil lengt aftur í tímann, ef mál hefur verið höfðað til heimtu launa innan 18 mánaða frá gjalddaga og dómur gengið í því á síðustu sex mánuðum „fyrir upphaf skipta“ eða síðar. Skiptaráðandi túlkar síðan þessa töluliði svo, að forgangur er veittur launum umbj. míns 18 mánuði aftur í tímann frá 23/5 86 til 23/11 84 ..., í stað þess að ég tel umbj. minn

eiga að hljóta forgang fyrir launakröfum a.m.k. frá 14. jan. 1986 aftur til 14. júlí 1984 skv. 1. tl. 84. gr. skiptalaga, en ennþá lengur skv. 6. tl. 84. gr. s. laga. En eins og fyrr sagði vann umbj. minn hjá þrotamanni frá apríl 84 til maí 85.

... Í nefndum 1. tölul. 84. gr. er miðað við „andlát“, en það hugtak var ávallt talið jafngilda gjaldþroti skv. eldri gjaldþrotalögum frá 1929, og hlýtur fyrir sömu löggjöfnun að jafngilda greiðslustöðvun skv. nýju gjaldþrotalögunum nr. 6/1978. Í 1. kafla 1. gr. 1.-4. tl. þeirra laga er enda skilgreining hugtaksins „frestdagur“, m.a. á þá leið í b-lið 1. töluliðs að „andlát skuldara“ sé „frestdagur“. Einfaldast er því að benda á þau lagarök, að réttur umbj. míns byggir á 1. tölulið 84. gr. skiptalaga, þ.e. hann á forgangskröfu a.m.k. vegna launa í 18 mánuði fyrir frestdag (með öðrum orðum fyrir andlát), og 6. tölul. sömu greinar má ekki minnka þann rétt. Ég minni einnig á lokaorð 1. gr. 1. tl. gjaldþrotalaga að ef frestdagur getur verið fleiri en einn skuli sá fyrsti þeirra vera það, svo og 4. tl. 1. gr. s. laga, að frestdagur skuli vera þegar gjaldþrotakrafa kemur fram, sjá beiðni mína á rskj. nr. 3.

Í annan stað tel ég að orðalagið „upphaf skipta“ í 6. tl. 84. gr. skiptalaga hljóti að jafngilda hugtakinu frestdegi í nýju gjaldþrotalögunum nr. 6 frá 1978. Í þeim lögum virðist ekki notað hugtakið „upphaf skipta“, heldur frekar „ups saga gjaldþrotaúrskurðar“ sem er einn af og síðasti möguleiki að telja til frestdaga, sjá 1. gr. 1. tl. a-c. Ég tel að allur andi og fjölmargar greinar gjaldþrotalaganna styðji þá skoðun, að orðalagið „upphaf skipta“ þýði frestdag, en sérstaklega bendi ég á VIII. kafla laganna, sem miðar ýmsa réttarstöðu og/eða forgang kröfuhafa í þrotabú við frestdag en ekki uppsögudag gjaldþrotaúrskurðar.

Spyrja má af hverju þessi munur er á hugtökum í 1. og 6. tölulið 84. gr. laga nr. 3/1878 og þar af leiðandi árekstri við gjaldþrotalög nr. 6/1978. Gjaldþrotalögin eru gerð í samráði við norræna löggjöf og þá helst að fyrirmynd dönsku laganna um gjaldþrot. Þau lög nr. 298 frá 1977 fjalla í X. kafla um skuldaröð í þrotabúum en íslensku lögin hafa X. kaflann aðeins eina grein, sem vitnar í skuldaröð skv. gömlu skiptalögunum nr. 3/1978 sbr. lög nr. 32/1974 og síðar lög nr. 23/1979. Ef til vill er þetta skýringin.

Þess verður að geta í því sambandi að fyrrnefnd dönsku gjaldþrotalögin segja beinum orðum í 95. gr. að forgangsréttartími launakröfu gildi aftur í tímann frá frestdeginum, rétt eins og ég er að reyna að rökstyðja hér.

Loks má benda á það, að umbj. m. heldur eðlilega fram sínu máli, svo sem löggjafinn ætlast til, en þrátt fyrir árangurslausa fjárnámsgerð og gjaldþrotakröfu af hans hálfu er honum gert óframkvæmanlegt að halda málinu fram vegna ákvörðunar skiptaráðanda um greiðslustöðvun, og ef

umbj. minn hefði verið svo heppinn eða ég svo latur að dómur í máli hans hefði ekki verið upp kveðinn fyrr en í des. 1985 í stað okt. 85, þá hefði öll hans launakrafa notið forgangs. Þetta sýnir enn að niðurstaða skiptaráðanda, sbr. rskj. nr. 6 og 8 er röng og andstæð vilja og anda laga og löggjafa.“

Í greinargerð varnaraðila, þrotabús Stálfélagsins hf., segir m.a.:

„Sýknukrafa varnaraðila er byggð á þeirri fortakslausu réttarreglu 1. tl. 84. gr. 1. nr. 3/1878, sbr. 1. gr. 1. nr. 23/1979 um breytingu á þeim lögum, að undir hana falla einungis laun, sem fallið hafa í gjalddaga síðustu 18 mánuðina fyrir upphaf skipta. Þú varnaraðila var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði uppkveðnum 23. maí 1986. Laun, sem féllu í gjalddaga fyrir 23. nóvember 1984, flokkast því sem almenn krafa og á það við um réttarkröfu sóknaraðila. Ákvæði 6. tl. 84. gr. sömu laga kemur sóknaraðila eigi til góða, þar sem tímamörk miðast þar einnig við upphaf skipta og dómur um kröfu sóknaraðila gekk 15. október 1985 og því eigi á síðustu 6 mánuðum fyrir upphaf skipta ...“

Álit réttarins.

Samkvæmt gjaldþrotaskiptalögnum nr. 25/1929 töldust gjaldþrotaskipti byrjuð þegar skiptaráðandi fékk í hendur beiðni skuldunauts eða, ef lánar-drottinn krafðist skipta, við uppkvaðningu úrskurðar.

Með hinum nýju gjaldþrotalögum nr. 6/1978 var komið á þeirri nýskipan að þrotamanni sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum er heimilað nýtt réttarfarsúrræði, greiðslustöðvun, sem hefur þegar gjaldþrotaskipti fylgja í kjölfarið að miklu leyti sömu réttaráhrif og gjaldþrotaskipti. Hún varnar því t.d. að kröfuhafi geti leitað fullnustu í eigum skuldara. Því voru ýmsar réttarverkanir er áður tengdust upphafi gjaldþrotaskiptameðferðar (móttökudegi beiðni skuldara, uppkvaðningardegi úrskurðar að kröfu kröfuhafa) nú látnar tengjast upphafi greiðslustöðvunar og það tímamark nefnt frestdagur. Þessi ráðstöfun, að láta fresti er áður miðuðust við upphaf gjaldþrotaskipta miðast við upphaf greiðslustöðvunar, styðst við augljós efnisrök, og er raunar óhjákvæmilega nauðsynleg m.a. til þess að riftunarreglur gjaldþrotaskiptalaga nái tilgangi sínum. Ekki hefði verið rökrétt að láta það nægja að lengja frestina því greiðslustöðvun getur staðið mjög mislengi.

Hin sömu rök og liggja að baki þeirri skipan að riftunarfrestir miðist við upphaf greiðslustöðvunar, frestdag, eiga við um frest þann varðandi forgangsrétt launakröfu er mál þetta snýst um. Greiðslustöðvunin varnar launþeganum, kröfuhafanum, sjálfstæðrar innheimtu kröfunnar með sama hætti og gjaldþrotaskipti, og þó því fremur að kröfuhafinn getur ekki lýst kröfunni og fengið úthlutun af eignum búans meðan greiðslustöðvun

stendur. Ef miða ætti við móttöku gjaldþrotaskiptabeiðni skuldara eða úrskurðardag, gæti skuldari beinlínis haft áhrif á röðun krafna í skuldaröð og þannig valdið mismunun á kröfuhöfum með því að neyta heimildir til að fá greiðslustöðvun þegar gjaldþrotaskiptakrafa er komin fram eða yfirvofandi og draga þannig upphaf hinnar eiginlegu gjaldþrotameðferðar á langinn.

Af hálfu varnaraðila er á það bent að í 30. gr. laga nr. 6/1978 er kveðið svo á að eignum þrotabús skuli varið til að greiða þeim sem kröfur áttu á þrotamann þegar úrskurður er kveðinn upp um töku bús hans til gjaldþrotaskipta og þeim sem síðar eignast kröfur á búið með lögmætum hætti.

Á það er að líta að þótt tímamark það sem þarna er miðað við sé taka bús til gjaldþrotaskipta en ekki frestdagur, þá veikir þetta ákvæði að engu leyti það sem að framan er rakið. Skal þetta nánar skýrt.

Samkvæmt 8. gr. gjaldþrotalaga má skuldari ekki, eftir upphaf greiðslustöðvunar, stofna til verulegra skuldbindinga umfram það sem þarf til að halda áfram starfsemi sinni og gæta hagsmuna lánardrottna og afstýra verulegu tjóni. Þarna er um hliðstæðar ráðstafanir og skuldbindingar að tefla og um er fjallað í niðurlagi 30. greinar gjaldþrotalaga (kröfur er stofnast með lögmætum hætti eftir töku bús til gjaldþrotaskipta). Það veldur því ekki ósamræmi að þarna er miðað við gjaldþrotabeiðni eða úrskurðardag en ekki upphaf greiðslustöðvunar, frestdag.

Loks skal að því vikið hvort haldbær lagarök standi í vegi þeirrar túlkunar orðsins „andlátíð“ í 1. tl. 84. gr. skiptalaga og orðanna „upphaf skipta“ í 3. og 6. tl. sömu lagagreinar, eins og henni var breytt með lögum nr. 32/1974 og 23/1979, að þau merki frestdag í skilningi 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Samkvæmt ákvæðum 8. kapitula B, um niðurröðun skuldara, í skiptalögum nr. 3 frá 1878, eins og þau voru þar til kaflanum var breytt með lögum nr. 32/1974, nutu launakröfur fyrir síðasta árið forgangsréttar og var þá miðað við andlát vinnuveitandans. Reglur skiptalaganna um skuldaröðina giltu einnig um gjaldþrotaskipti eftir lögnum nr. 25/1929.

Áttunda kapitula B í skiptalögum nr. 3/1878 var breytt með lögnum nr. 32/1974 í það horf sem nú er varðandi forgangsrétt launakrafna, að öðru leyti en því að fresturinn sem skv. breytingarlögnum nr. 32/1974 var 6 mánuðir var lengdur í 18 mánuði með l. nr. 23/1979.

Ekki olli ágreiningi að hugtakið „fyrir andlátíð“ í breytingarlögnum nr. 32/1974 merkti móttökudag beiðni skuldara eða úrskurðardag um gjaldþrotaskiptabeiðni kröfuhafa við röðun launakrafna í skuldaröð í þrotabúum, enda miðuðust frestir þeir sem hér um ræðir í öllum tilvikum við það tímamark, þ.e. upphaf gjaldþrotaskipta. Orðin „fyrir andlátíð“ í 84. gr. skl. merkti sem sagt að allra mati upphaf skipta frá því l. nr.

32/1974 tóku gildi og þar til l. nr. 6/1978 leystu l. nr. 25/1929 af hólmi. Það sem gerðist síðan þegar nýju gjaldþrotalögin tóku gildi var einfaldlega það að hugtakið „upphaf skipta“ var brotið upp og miðaðist ekki lengur eingöngu við upphaf hinna eiginlegu gjaldþrotaskipta heldur voru tilteknar réttarverkanir þess færðar fram og látnar tengjast upphafsáðgerðum samkvæmt hinu nýja réttarfarsúrræði, greiðslustöðvuninni, og nýtt hugtak innleitt, frestdagur, sem ýmist merkir upphaf greiðslustöðvunar, þ.e. upphaf gjaldþrotaskipta í hinn rýmri merkingu eða upphaf hinna eiginlegu gjaldþrotaskipta.

Að þessu athuguðu verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 80.000,00.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist umfram venju, bæði vegna óvenjulegra embættisanna og vegna þess að við lok hugleiðinga sinna um málsefnið sannfærðist dómariinn um að við ætti að láta skriflegar forsendur fylgja úrskurðinum, þótt þeirra væri eigi krafist, en þá fór í hönd dymbilvika og páskahátíð.

Már Pétursson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómkröfur sóknaraðila, Gunnars Þ. Þórhallssonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Stálfélagsins hf., eru teknar til greina sem hér segir: Viðurkennd er, auk þess sem þegar er viðurkennt, sem forgangskrafa skv. 84. gr. l. nr. 3/1878 sem laun og annað endurgjald fyrir vinnu kr. 123.161,00 auk eftirgreindra ársvaxta: 19% af kr. 53.923,00 frá 1.5. 1984 til 1.6. sama ár, af kr. 90.733,00 frá þeim degi til 1.7. sama ár, af kr. 100.543,00 frá þeim degi til 1.8. sama ár, af kr. 129.853,00 frá þeim degi til 1.9. sama ár, af kr. 149.262,00 frá þeim degi til 1.10. sama ár, af kr. 121.687,00 frá þeim degi til 1.11. sama ár og af kr. 120.061,00 frá þeim degi til 1. desember sama ár og af kr. 123.161,00 frá þeim degi til 1.1. 1985, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1.2. 1985, en 45% ársvöxtum af kr. 121.161,00 frá þeim degi til 1.3. sama ár, en 48% ársvöxtum af kr. 116.561,00 frá þeim degi til 1. júní sama ár, en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september sama ár, en 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3. 1986, en 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. 1986, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 23.5. 1986 og sem eftirstæð krafa 27% ársvextir af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.3. 1987, en 30% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags og kr. 80.000,00 í málskostnað.